

Varðar: Njarðargata og Hringbraut – umsókn um framkvæmdaleyfi

Lögð fram umsókn Vegagerðarinnar., dags. 12. maí 2025, um framkvæmdaleyfi vegna gerð upphækkaðra göngupverana og breikkun gönguleiða í þríhyrningseyjum ásamt lagningu viðvörunarhellna við göngupveranir, lagningu göngustíga, niðursetninga nýrra niðurfalla auk uppsetningar á ljósastaurum vegna gangbrautarlýsingar með tilheyrandi jarðvinnu, skurð- og strenglögnum ásamt yfirborðsfrágangi. Einnig eru aðgerðir á Njarðargötu við Sturlugötu sem felast í breikkun miðeyju, þrengingu gatnamóta og umbótum á strætóbiðstöðvum, samkvæmt teikningasetti Verkís, dags. apríl 2025.



Hluti AR2040.



Loftmynd.

Skipulagsleg staðaAðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022.

Samkvæmt aðalskipulaginu er umrætt framkvæmdasvæði inni á skilgreindu vegsvæði stofnbrautar, Hringbrautar. Þar er almennt gert ráð fyrir vegum, götum, helstu göngu-, reið- og hjólastígum og tengdum mannvirkjum, þ.m.t. mislægum gatnamótum, undirgöngum og göngubrúum og helgunarsvæðum þeirra, svo sem stofn og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.

Deiliskipulag/HverfisSKIPULAG


Í gildi eru fjórar deiliskipulagsáætlanir sem skilgreint framkvæmdasvæði nær inná, þ.e. deiliskipulag fyrir færslu Hringbrautar sem var samþykkt í borgarráði dags. 4. apríl 2006, deiliskipulag fyrir Háskóla Íslands sem var samþykkt í borgarráði dags. 14. maí 2002, deiliskipulag fyrir Reykjavíkflugvöll sem var samþykkt í borgarráði dags. 28. apríl 2016 og deiliskipulag fyrir Vísindagarða sem var samþykkt í borgarráði dags. 9. júní 2011.

Lýsing á framkvæmd

Framkvæmdin varðar umferðaröryggisúrbætur á hægribeygju framhjálaupum á gatnamótum Hringbrautar og Njarðargötu. Um er að ræða gerð upphækkaðra göngupverana og breikkun gönguleiða í þríhyrningseyjum ásamt lagningu viðvörunarhellna við göngupveranir, lagningu göngustíga, niðursetningu nýrra niðurfalla auk uppsetningar á ljósastaurum vegna gangbrautarlýsingar með tilheyrandi jarðvinnu, skurð- og strenglögnum ásamt yfirborðsfrágangi. Einnig eru aðgerðir á Njarðargötu við Sturlugötu sem felast í breikkun miðeyju, þrengingu gatnamóta og umbótum á strætóbiðstöðvum.

Framkvæmdaáætlun

Gert er ráð fyrir að verktaki geti hafið framkvæmdir við undirritun samnings og samkvæmt samþykktri verkáætlun. Áætlað er að verkið verði unnið sumarið 2025, frá byrjun júní til og með 1. október 2025.



Afstöðumynd framkvæmdasvæða.

Umsögn og niðurstaða

Erindið er framkvæmdaleyfisskilt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar, þar sem um er að ræða enduruppbyggingu stiga í þéttbýli auk framkvæmdar í tengslum við stofnveg og tengd mannvirki.

Framkvæmdatími: Áætlað er að framkvæmdir hefjist í júní 2025 og að verklok verði í byrjun október 2025.

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi í samræmi við innsent erindi. Framkvæmdin er í samræmi við skilmála Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 um stofnvegi og tengd mannvirki. Framkvæmdin er jafnframt í samræmi við gildandi deiliskipulagsáætlanir á svæðinu.

Framkvæmdaleyfið er gefið út til hálfes árs frá útgefnum degi (til loka árs 2025) í samræmi við framkvæmdaáætlun. Veitt er aukið svigrúm til tveggja mánaða ef til kemur að framkvæmdir tefjist. Verði séð fram á breytingar á áætlun, þ.e. ef framkvæmdir tefjast að verulegu leyti þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum: Taka skal tillit til þess að framkvæmdasvæðið er í grennd við umferðarmiklar stofnbrautir og götur. Því skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við íbúa í grenndinni og nærliggjandi svæða þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu truflun/raski og hægt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt vegna viðkvæmrar staðsetningar þess.

Setja þarf upp upplýsingaskilti við framkvæmdastað sem lýsir fyrirhugaðri framkvæmd á myndrænan hátt ásamt því að vera með upplýsingar um framkvæmdatíma og tengilið sem getur veitt nánari upplýsingar um framkvæmdina sjálfa.

Áður en framkvæmdir hefjast þarf að upplýsa alla hagaðila næst framkvæmdastað bréflega um framkvæmdina þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni á uppdrætti henni lýst í stuttu máli og gefnar upp upplýsingar um upphaf framkvæmda og áætluð verklok.

Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif eins og unnt er. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að mengandi efni berist frá framkvæmdum t.d. af völdum olíu og annarra efna sem geta losnað út í umhverfið meðan á framkvæmdum stendur. Jafnframt að framkvæmdaaðilar séu vel upplýstir um umhverfismál áður en framkvæmdir hefjast.

Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis af borgarlandi hjá umhverfis- og skipulagssviði. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.